

Ed.

386. Breytingartillögur

við frumv. til laga um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé.

Frá Þorst. Þorsteinssyni og Páli Zóphóniassyni.

1. Við 5. gr. Orðin „en af innstæðum í bönkum og öðrum lánsstofnunum er gjald-
dagi 31. des. ár hvert“ falli niður.
2. Við 6. gr.
 - a. Á eftir orðunum „Skal vaxtagreiðandi standa skil á skattinum“ bætist: af
verðbréfum og skuldabréfum, sbr. b- og c-lið 2. greinar.
 - b. Á eftir 1. málsg. kemur ný málsg., er orðist svo:
Fjármálaráðuneytið ákveður í reglugerð innheimtufyrirkomulag og gjald-
daga á vaxtaskatti af innstæðufé í bönkum og öðrum lánsstofnunum, sbr. a-lið
2. gr., þar sem m. a. er ákveðið, að lánsstofnanirnar skuli halda vaxtaskattin-
um sem geymslufé og greiða af því innlánsvexti til innstæðueiganda.